

Markmið og fjárfestingarstefna


Eignasafn - Ríki og sjóðir er verðbréfasjóður og fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir) sem fjárfesta á skuldabréfamörkuðum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011. Heimilt er að ávaxta eignir sjóðsins í innlendum og erlendum skuldabréfum. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Íslandssjóða, en að hámarki 50% af eign sinni skv. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu og lykilupplýsingum sjóðsins á vef Íslandssjóða eða hjá söluaðilum sjóðsins.

Fjárfestingaheimildir

Verðbréfasjóðir (UCITS-sjóðir)	10-70%
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta	0-30%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga	0-60%
Innlán fjármálastofnana	0-40%
Afleiður	0-10%


Eignasamsetning




Stærstu eignir

IS Ríkissafn	14%
Verðtryggð ríkisbréf 16.02.2026	13%
IS Sértryggð skuldabréf VTR	13%
IS Veltusafn	13%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.02.2024	11%
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	11%
Óverðtryggð ríkisbréf 24.01.2031	6%
Verðtryggð ríkisbréf 1.7.2030	6%
Óverðtryggð ríkisbréf 12.06.2025	4%
Laust fé	3%
Óverðtryggð ríkisbréf 15.11.2028	3%

Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	0,2%	
1 ár	0,8%	0,8%
2 ár	7,7%	3,8%
3 ár	16,3%	5,1%
4 ár	21,5%	5,0%
5 ár	29,2%	5,3%
Frá áramótum	1,9%	



Almennar upplýsingar

Stofnár	2011
Stærð [m.kr.]	538
Tegund sjóðs	Verðbréfasjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000020477
Auðkenni	EIGNARIKI
Sjóðstjóri	Sigurður G. Gíslason
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000
Lágmarksáskrift	5.000
Árleg umsjónarlaun	0,50%
Kostnaður við kaup	1,0%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

LEI númer: 549300RXIMVL3EIKJ852

Tölfræði

Áhættuflokkun	3/7
Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	4,1
Verðtryggingarhlutfall	60%

Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.
Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Sími: 440-4920
www.islandssjodir.is

Söluaðili:
Íslandsbanki hf.
www.islandsbanki.is

Fyrirvari

Fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöks gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Gengi sjóðsins er háð þróun á innlendum og erlendum skuldabréfamörkuðum. Fjárfestingar sjóðsins eru að jafnaði vel dreifðar og næst þannig áhættudreifing sem er til þess fallin að draga úr sveiflum í gengi sjóðsins. Eignasafn - Ríki og sjóðir er sjóðasjóður sem fjárfestir m.a. í öðrum verðbréfasjóðum sem gefur færi á meiri dreifingu en ef fjárfest væri í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum. Samkvæmt lögum mega sjóðasjóðir að hámarki eiga 20% í einstaka sjóðum og jafnframt þurfa þeir sjóðir að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum. Þetta þýðir að eigna- og áhættudreifing sjóðasjóðs eins og Eignasafns - Ríkis og sjóða er mikil. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir áhætta og að gengi getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Eignasafns - Ríkis og sjóða, sérstaklega umfjöllun um áhættu, á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is.

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020.